

Reykjavík, 15. júní 2009

Alþingi
Erindi nr. P 137/207
komudagur 16.6.2009

Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd

**Umsögn frá miðnefnd Samtaka hernaðarandstæðinga
varðandi 38. mál og 54. mál, aðildarumsókn að Evrópusambandinu**

Samtök hernaðarandstæðinga eru félagasamtök sem berjast fyrir því að alþjóðleg deilumál verði leyst án ofbeldis og hafna öllum tilraunum til að kúga þjóðir með hervaldi. Þátttaka Íslendinga í hernaði, hverju nafni sem hann nefnist, má aldrei líðast. Í stefnuskrá SHA, sem samþykkt var á landsráðstefnu í nóvember 2005 var áréttuð sú stefna að samtökin hafni aðild að hvers konar samtökum og bandalögum sem stofnuð eru til að leysa ágreiningsmál með beitingu hervalds.

Umræður um Evrópusambandið hafa til þessa ekki verið mjög fyrirferðarmiklar í starfsemi SHA og samtökin hafa sem slík ekki tekið afstöðu til hinna hefðbundnari þátta bandalagsins, s.s. að greiða fyrir flutningum vöru, fjármagns og vinnuafis innan bandalagsins. Hins vegar hafa SHA fylgst með þeim þáttum í starfsemi ESB er snúa að hernaðarmálum og þá sérstaklega eins og þeir birtast í Lissabonsáttmála Evrópusambandsins, sem ætla verður að muni verða fullgiltur innan tíðar.

Nokkrar greinar Lissabonsáttmálans eru þess eðlis að ástæða er fyrir friðar- og afvopnunarinnna að hafa varann á sér. Í 27., 31., 49. og 50. lið sáttmálans er fjallað um sameiginlega stefnu í utanríkis- og hermálum, þar sem æðsta ráði bandalagsins virðist gefið mikið svigrúm til að ákveða að framfylgja utanríkisstefnu þess, þar með talið með hernaðaraðgerðum. Jafnframt kveður sáttmálinn með harla skýrum hætti á um að aðildarríki skuli vígvæðast í þágu sambandsins.

Samtök hernaðarandstæðinga leggja áherslu á að íslensk stjórnvöld geri engan þann samning við erlend ríki eða ríkjabandalög sem kunni að skuldbinda þjóðina til þátttöku í stríði eða rekstri hernaðarkerfa, hvort heldur er með beinum eða óbeinum hætti.

F.h. miðnefndar Samtaka hernaðarandstæðinga,

Stefán Pálsson, formaður